

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna erindis tónlistarskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. janúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hvenær má vænta þess að erindi forsvarsmanna tónlistarskóla Grafarvogs, sem beint hefur verið til Reykjavíkurborgar og varða fyrst og fremst fjárhagsleg samskipti skólans og borgarinnar, verði tekin fyrir? Hver er afstaða skóla- og frístundasviðs til þeirra atriða sem forsvarsmenn tónlistarskólans telja ábótavant?

Svar:

Erindi Tónlistarskólans í Grafarvogi hefur verið svarað.

Fram kemur í svarinu hvað varðar greiðslur Reykjavíkurborgar vegna kjarasamningshækkana þá þurfi skóla- og frístundasvið fjárheimild og samþykki borgarráðs til að inna af hendi umræddar viðbætur. Fjármála- og áhættustýringarsvið leggi fram tillögu um viðauka við fjárhagsáætlunargerð og var undirbúningur hafinn um leið og nýir samningar FT og FÍH voru samþykktir 18. og 19. desember 2023. Skylt er að vísa málinu til afgreiðslu í borgarstjórn en þar var viðauki samþykktur þann 6. febrúar 2024. Greiðsla til tónlistarskólanna var innt af hendi þann 8. febrúar 2024. Tekið er fram að samkvæmt 58. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 um fjárstjórnarvald sveitarstjórnar geta einvörðungu sveitarstjórnir tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins svo sem fjárhagsáætlanir hvers árs. Borgarstjórn ákveður í fjárhagsáætlun hvers árs hve miklu fjármagni er úthlutað til skóla- og frístundasviðs vegna þjónustusamninga tónlistarskóla, sjá nánar í reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Þá er tekið fram að sveitarfélögum er heimilt en ekki skylt að gera þjónustusamninga við tónlistarskóla. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára.

Þá var tónlistarskólanum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari upplýsingum og sjónarmiðum sínum vegna viðbótarlaunakostnaðar.